

SAG 313,- saga 20. aldar

Almennt um sögu

Sem námsgrein og fræðigrein fæst sagan við afdrif mannsins og mannglegra samfélaga í tímans rás. Meginhlutverk sögunnar sem námsgreinar er að glæða, styrkja og skerpa söguvitund nemenda. Söguvitund gagnast nemendum til túlkunar á liðinni tíð, til skilnings á nútímanum og gerir þá þar af leiðandi færari um að móta þá framtíð sem bíður. Sú söguvitund sem nemandi fær með heppnuðu sögunámi dýpkar skilning og eykur víðsýni og lífsnautn í mannlegu samfélagi.

Í skólanámskrá Menntaskólans á Akureyri eru nefnd fjögur meginmarkmið sögukennslu við skólann:

1. Að nemandinn öðlist þekkingu og tilfinningu fyrir hinum samfellda sögulega tíma sem og mismunandi skeiðum innan hans.
2. Að nemandinn kunni skil á samfelldri þjóðarsögu Íslendinga, einstökum tímabilum innan hennar og samhengi hennar við sögu umheimsins.
3. Að nemandinn verði vel læs á hin ólíku birtingarform sögunnar og geti miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.
4. Að nemandinn þjálfist í að meta gildi og áreiðanleika heimilda, frásagna og sögulegra skýringa.

Um SAG 313 á vorönn 2013

Í áfanganum SAG 313 er tekinn til skoðunar sá tími sögunnar sem næst okkur liggur,- öldin 20.,- árin frá 1900 til 2000. Efnistöð og aðferðir áfangans mótast af viðfangsefninu. Í SAG 313 þurfa nemendur að vera vel læsir á hin ólíku birtingarform sögunnar og getað miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.

Áfanginn er tvískiptur:

Í fyrsta lagi er hefðbundið nám sem miðast við kennslubók áfangans og innlagnir frá kennara. Í öðru lagi er um að ræða verkefnavinnu nemenda.

Hefðbundni þátturinn gildir 40% og lýkur með prófi í lok annar. Verkefnavinna nemenda gildir 60%. Verkefni nemenda skiptast í þrjá þætti: a) ritgerð sem gildir 20% b) fjögur Moodle- verkefni sem gilda 10% c) kvikmyndaverkefni sem gildir 30% .

Verkáætlun

- | | |
|----------|---|
| 1. vika | 1. feb. Almenn kynning áfangans. Hópaskipting ákveðin. |
| 2. vika | 4. - 8. feb. Hópum skipt niður á áratugi. Byrjað á 1. hluta kennslubókar. |
| 3. vika | 11. – 15. feb. Kvikmyndaverkefni undirbúin. |
| 4. vika | 19. – 21. feb. Hópur 1: 1900 til 1910 |
| 5. vika | 25. feb. – 1. mars. Hópur 2: 1910 til 1920. Moodle-verkefni I unnið. |
| 6. vika | 4. – 8. mars. Hópur 3: 1920 til 1930. Byrjað á 2. hluta kennslubókar. |
| 7. vika | 11. – 15. mars. Hópur 4: 1930 til 1940. |
| 8. vika | 18. – 22. mars. Hópur 5: 1940 til 1950. Moodle-verkefni II unnið. |
| 9. vika | Páskafri |
| 10. vika | 8. – 12. apríl. Hópur 6: 1950 til 1960. Byrjað á 3. hluta kennslubókar. |
| 11. vika | 15. – 19. apríl. Hópur 7: 1960 til 1970. |
| 12. vika | 22. – 26. apríl. Hópur 8: 1970 til 1980. |
| 13. vika | 29. apríl – 3. maí. Hópur 9: 1980 til 1990. Moodle-verkefni III unnið. |
| 14. vika | 6. – 10. maí. Hópur 10: 1990 til 2000. Byrjað á 4. hluta kennslubókar. |
| 15. vika | 13. – 17. maí. Lokahönd lögð á ritgerð. Prófundirbúningur. |
| 16. vika | 22. maí. Moodle-verkefni IV unnið. |

Námsmat

1. Ritgerð 20%
2. Moodle-verkefni 10%
3. Kvikmyndaverkefni 30%
4. Lokapróf 40%. Ath! Nemendur verða að ná 45% af lokaprófi til þess að fá áfangann metinn.

Með von um gott samstarf,
Einar Brynjólfsson